

Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2019-2035

Í samræmi við 2.mgr. 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með kynnt vinnslutillaga að nýju aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2019-2035.

Vinnslugögnin eru hér á heimasíðu sveitarfélagsins undir flípanum skipulagsmál en gögnin samanstanda af greinagerð og umhverfismatskýrslu, sveitarfélagsuppdrætti og þéttbýlisuppdrætti. Hægt er að kynna sér skipulagsgögnin undir eftirfarandi slóð:

<https://storymaps.arcgis.com/stories/e964eda14ee94147a19de2e13365b420>

Þeir sem vilja koma með ábendingar eða athugasemdir við vinnslugögn/vinnslutillögu geta skilað þeim á netfangið talknafjordur@talknafjordur.is fyrir lok dags 5. maí 2023.

Endanleg tillaga verður kynnt almenningi með formlegum hætti og auglýst í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 síðar á árinu þar sem öllum gefst aftur tækifæri á að koma með athugasemdir.

Sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps